

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um horfelli á skepnum o. fl., undirskrifuð af konungi 9. febr. 1900 (A. nr. 7, bls. 38—41).

Lög um brú og ferju á Lagarfljóti, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 8, bls. 42—43).

Lög um brot á veiðirétti í ám og vötnum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 9, bls. 44—45).

Auglýsing um endurskoðað braudamat á Íslandi, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 24. febr. 1900, hið endurskoðaða braudamat, (A. nr. 10, bls. 46—57).

Auglýsing er breytir auglýsingu 23. júní 1891 um þyngdartakmörk og burðargjald fyrir böggla, er senda á milli hins danska og íslenska póstumdæmis, undirskrifuð af innanríkisráðgjafanum og ráðgjafanum fyrir Ísland 20. febr. 1900 (A. nr. 11, bls. 58—59).

Opíð brjef um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara, undirskrifuð af konungi 2. marz 1900 (A. nr. 12, bls. 60—61).

Lög um stofnun ræktunarsjóðs Íslands, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 13, bls. 62—65).

Bráðabirgðarlög fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 14, bls. 66—69).

Tilskipun fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 15, bls. 70—85).

Lög um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests, og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju, undirskrifuð af konungi 3. apríl 1900 (A. nr. 15, bls. 86—89).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um innflutning á tóbaksblöðum, er undanþegin eru aðflutningsgjaldi — Ept. 28 febr.

ir að ráðaneytið hafði beidzt álits dýralækningaráðsins viðvikjandi aðferð þeirri, er þjer, herra landshöfðingi, í brjefi, dagsettu 15. desbr. f. á., leggið til að viðhöfð sje, til þess að hafa eptirlit með innflutningi þeim á ótolluðum tóbaksblöðum til notkunar við fjárbaðanir, sem heimilaður er með lögum 22. septbr. f. á., en aðferðin er í því fólgin, að væta tóbaksblöðin í steinolíu, hefir nefnt ráð látið það í ljósi, að það álti aðferð þessa einkar heppilega, en jafnframt komið með þá tillögu, að tóbak það, sem ætlað er til fjárbaðana, verði innflutt sem tóbakslögur.

Samkvæmt þessu eru það tilmæli ráðaneytisins, að þjer brýnið fyrir öllum lögreglustjórum landsins að annast um, að tóbaksblöð þau, sem samkvæmt fyrgreindum lögum 22. septbr. f. á. kynnu að verða innflutt tolllaust til notkunar við fjárbaðanir, sje þegar er þau koma á land gjörð óhæfileg til neyzlu með því að væta þau í steinolíu.

Í sambandi við þetta eruð þjer einnig beðinn að birta almenningi fram-

28. dag aprílmánaðar 1900.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.

36 antjæð álit dýralækningaráðsins um, að heppilegt sje að tóbak það, sem ætlað er
28. febr. til fjárbaðana, sje innflutt sem tóbakslögur, sumpart með því að birta brjef
þetta í B-deild Stjórnartíðindanna, sumpart á annan þann hátt, er yður þykir
bezt við eiga.

37 **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu, um skiln-**
21. febr. **ing á 9. gr. laga 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra**
drykkja — Í brjefi, dagsettu 16 f. m., hafð þjer, herra sýslumaður, beiðzt
leiðbeiningar minnar um það, hvort sá skilningur yðar á 9. gr., sbr. 2. gr. í
lögum nr. 26 frá 11. nóvember 1899 um verzlun og veiting áfengra drykkja
sje eigi rjettur, »að ef einhver kaupmaður, sem hefir rjett til að selja áfenga
drykki, er lögin öðlast gildi, hættir fyrsta árið (1900) samkvæmt tilkynningu,
verði hann, ef hann síðar meir vill byrja á ný á áfengissölu á sama stað, að
sækja um leyfi fyrir 5 ár, eins og nýr kaupmaður«.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að eptir minni skoðun verður
hver sá, er rjett hafði 1. janúar 1900 til þess að verzla með eða veita áfenga
drykki, og vill, samkvæmt 9. gr. nefndra laga, leysa sig undan gjöldum þeim,
er ákveðin eru í 1. og 6. gr., að gefa lögreglustjóra yfirlýsingu um það, að
hann afsali sjer, ekki einungis um stund, heldur *fyrir fullt og allt*, rjetti sínum
til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þaraf leiðir, að sá, sem einu
sinni hefir afsalað sjer umræddum vínsölurjetti eða vínveitingarjetti, verður,
ef hann vill öðlast þann rjett af nýju, að afla sjer leyfisbrjefs á þann hátt, er
segir fyrir um í 2. og 7. gr. laganna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar, um leið og þess er
getið, að yfirlýsing sú frá kaupmanni Friðrik Möller, sem fylgdi áður nefndu
brjefi yðar og hjermed endursendist, er ófullnægjandi.

38 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-**
5. marz **amtinu um sveitfesti þurfalings** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amt-
maður, dagsetts 26. f. m., snertandi áfrýjun fátækrastjórnarinnar í Biskupstungna-
hreppi í Arnessýslu til mín á úrskurði yðar, dagsettum 24. apríl f. á, um styrk
veittan bóndanum Þórði Magnússyni í Auðsholti af nefndri fátækrastjórn í marz
1898, skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með
því að jeg fellst á ástæður þær, er á þeim er byggður úrskurður yðar, skal hann
standa óraskaður.